

Akureyrarbær  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



Húsavík, 15. september 2021

Efni: Fjárframlag til stofnunar einkahlutafélags um Líforkuver

Í febrúar síðastliðnum fengu aðildarsveitarfélög SSNE erindi þar sem óskað var eftir styrk frá sveitarfélögunum til að standa straum af hluta kostnaðar við að framkvæma hagkvæmnimat fyrir líforkuver. Í kjölfar þess að erindið barst sveitarfélögum varð talsverð umræða um tilhögun fjármögnunar fyrir hagkvæmnimatið.

Í framhaldi af tilvitnuðu erindi til sveitarfélaga var á föstudagsfundi hjá SSNE haldin ítarleg kynning á verkefninu fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga en fram hafði komið ákall um frekari útskýringar á því hvað líforkuver væri og hvað felist í hagkvæmnimatinu. Á aukabingi SSNE kom fram mikill vilji til þess að hagkvæmnimat verði framkvæmt.

Í kjölfarið var farið í það að leita eftir frekari styrkjum til verkefnisins en einngi var ákveðið að verja kr. 3 millj. til verkefnisins af þeim fjármunum sem úthlutað hafði verið til áhersluverkefnis umhverfismála SSNE 2021. Í júlí hlaut SSNE styrk frá Umhverfisstofnun til þess að gera hagkvæmnimat, kr. 5 millj., sem staðfestir trú ráðuneytisins á verkefninu.

Ljóst er að það fjármagn sem fæst með ofangreindum hætti, kr. 8 millj. nægir ekki til að fjármagna hagkvæmnimatið en þess ber þó að geta að vinna er hafin við það og mun sú vinna halda áfram eins og fjármagn leyfir.

Stefnt er að því að stofna einkahlutafélag til að halda utan um verkefnið „Líforkuver“ sem verði vistað hjá SSNE og hlutfé SSNE verði það fjármagn sem greint var frá hér að framan, samtals kr. 8 millj.

Til að fjármagna hagkvæmnimatið að fullu, sem áætlað er að kosta muni kr. 20 millj., er leitað til sveitarfélaga sem sjá sér hag í því að verða meðlimir í félaginu sem eiga mun afrakstur vinnunar. Vonir standa til að líforkuver verði fýsilegt verkefni bæði hvað varðar umhverfislega og hagræna þætti sem hagfellt verður fyrir sveitarfélögin að taka þátt í til að leysa stórar og dýrar áskoranir í úrgangsmálum.

Rétt er að halda því til haga að í sóknaráætlun landshlutans er líforkuver efst á blaði yfir tækifæri í SVÓT greiningu varðandi umhverfismál.

Stjórn SSNE fjallaði um líforkuver á 28. fundi sínum 11. ágúst og var umræðum fram haldið á 29. fundi stjórnar 8. september og samþykkti stjórn svohljóðandi bókun:

*„Stofnað verði einkahlutafélag til að halda utan um verkefnið “Líforkuver” og félagið vistað undir hatti SSNE. Stofnfé af hálfu SSNE verði framlag áhersluverkefnis umhverfismála, 3 m.kr að viðbættum 5 m.kr styrk sem Umhverfissráðuneytið veitti í verkefnið til eflingar hringrásarhagkerfisins.*

*Óskað verður eftir 12 m.kr fjárframlagi frá sveitarfélögum á starfssvæði SSNE í hlutfalli við íbúafjölda til þess að fjármagna að fullu hagkvæmnimat sem áætlað er að kosta muni 20 m.kr.“*

Hér með er óskað eftir því að Akureyrarbær leggi kr. 7.548.000,- til verkefnisins sem um leið verður hlutafé Akureyrarbæjar í einkahlutafélagi um Líforkuver. Upphæðin er hlutfall af 12 millj kr. miðað við íbúafjölda Akureyrar 1. janúar 2021.

Vinsamlega hafið samband við undirritaðan varðandi fyrirkomulag greiðslu.

Virðingarfyllst

Eyþór Björnsson

Framkvæmdastjóri